RANGÁRÞING YTRA

Minnisblað

Frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar í desember hefur verið unnið að ýmsum málum sem ekki eru formlega á dagskrá þessa fundar. Ég mun fara yfir nokkur mál en listinn er langt frá því að vera tæmandi:

1. Sveitarfélagið átti fund með Landsneti fyrir áramót þar sem rætt var um lagningu Rimakotslínu og möglegar tengingar við Græna iðngarða á Strönd. Þessu tengt þá hefur Josh, sem ráðinn var tímabundinn ráðgjafi til að finna hentug verkefni fyrir Græna iðngarða, hafið störf. Það getur orðið þolinmæðisvinna koma Grænum iðgörðum af stað en við erum vissir um að svæðið bíður upp á mikla möguleika.
2. Haldinn var fundur með Vegagerðinni til að leggja línur vegna breytinga á skipulagi vegna þjóðvegar 1 frá Hellu og að „Gunnarsholtsvegi“. Það er að mörgu að hyggja í þessu sambandi, tengingar á Hellu yfir þjóðveg eitt, hringtorg, afreinar, þveranir eða ekki þveranir yfir þjóðveg eitt, göngu- og hjólastíga o.fl. sem þarf að spá í.
3. Það var haldinn fundur með Landsvirkjun og Brunavörnum Rangárvallasýslu um hvernig slökkviliðið geti betur sinnt hlutverki gagnvart mannvirkjum Landsvirkjunar. Það er ljóst að Brunavarnir eru að eflast með nýrri slökkvistöð á Hellu og ráðningu slökkviliðsstjóra í fullt starf en síðan þarf að huga að auka við tækjabúnað slökkviliðsins.
4. Sveitarfélögin sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga héldu stefnumótunarfund þar sem verið er að endurskilgreina stefnu samtakana. Sveitarfélagið sendi þrjá fulltrúa á fundinn enda er stefnumörkun í orkumálum eitt stærsta málið á borði sveitarstjórnar.
5. Þá sótti fulltrúi sveitarfélagsins aðfund Veiðifélags Ytri-Rangár. Það er orðinn mikill gangur í þessu veiðifélagi og sú á á Íslandi sem flestir laxar veiðast í. Það er hugur í veiðifélaginu og gaman að sjá hvað árnar í Rangárvallarsýslu eru orðnar öflugar og skila miklu til samfélagsins.
6. Talandi um fiska á er búið að undirrita leigusamning milli sveitarfélagsins og Fossdala um leigu á hluta jarðanna Árbæ og Fossi á Rangárvöllum. Tilgangurinn er að skoða hvort hægt sé að auka fiskrækt í efri hluta Eystri-Rangár sem verður spennandi verkefni ef vel tekst til.
7. Sveitarfélögin í Rangárvallarsýslu og SASS hafa verið að ræða saman um að sérstakur byggðarþróunarfulltrúi verði ráðinn til starfa fyrir sveitarfélögin. Þetta gæti verið spennandi kostur til að byggja undir aukin áhuga á svæðinu, bæði sem búsetukost og ekki síst til að auka flóru atvinnutækifæra.
8. Að lokum þá er verið að vinna að breytingum á skrifstofu sveitarfélagsins í Miðjunni á Hellu. Það er mjög spennandi að koma starfsfólki skólaþjónustunnar fyrir á hæðinni og þannig sameina starfsfólk félags- og skólaþjónstunnar á sama stað. Hinsvegar kallar það á tilfærslur og framkvæmdir og það verður t.d. gaman þegar ný útfærsla af fundarsalnum verður tekinn í notkun.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri